



Til framkvæmdarstjóra sveitarfélaga

Dagsetning 8.4.2025
Málsnúmer IRN25010007

Fyrirspurn EFS varðandi fjárhagsleg áhrif kjarasamninga

Nýverið var gengið frá undirritun á kjarasamningi milli Kennarasambands Íslands og sveitarfélaganna. Ljóst er að umræddar launahækkanir geta haft áhrif á fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna fyrir árin 2025-2028 og hefur hagfræðingur Sambands íslenskra sveitarfélaga m.a. bent á að launakostnaður fyrir sveitarstjórnarstigið í heild muni líklega aukast um nær 8% á yfirstandandi ári í stað 6% líkt og áður var talið.

Af þessum sökum óskar eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) eftir upplýsingum frá sveitarfélögum um hver heildaráhrif kjarasamningsins, í krónum talið, eru umfram þær forsendur sem lagðar voru fram í fjárhagsáætlun. Jafnframt óskar nefndin eftir upplýsingum um hvort sveitarfélögin ætli að bregðast sérstaklega við þessum kostnaðarauka og ef svo er, með hvaða hætti?

Fyrir hönd EFS,

Þórir Ólafsson, formaður

Elmar Björnsson